



Fundargerð

1415. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
19. apríl 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir boðað forföll, Bjarni Páll Tryggvason sat fyrir hana.

* * *

1. Mannauðsstefna Reykjanesbæjar 2023 (2023040237)
Kristinn Óskarsson mannauðsstjóri mætti á fundinn.
Lagt fram til kynningar áherslur í starfi stjórnenda hjá Reykjanesbæ og mannauðsstefna Reykjanesbæjar.
Bæjarráð vísar mannauðsstefnu Reykjanesbæjar til umsagna nefnda og ráða.
2. Rakaskemmdir í stofnunum (2022100267)
Fundargerðir byggingarnefndar lagðar fram til kynningar.
3. Seylubraut 1 (2022120353)
Lögð fram kauptilboð í Seylubraut 1.
Fyrir hönd Tjarnargötu 12 ehf. og bæjarráðs er öllum tilboðunum sem hafa borist í Seylubraut 1 hafnað.
4. Paddy's Hafnargötu 38 - kvartanir vegna ónæðis (2022050185)
Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.
5. Minnisblað til bæjarráðs (2023040228)
Lagt fram til upplýsinga.
6. Umsögn um tækifærisleyfi - Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2023040242)
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
7. Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 24. mars og 4. apríl 2023 (2023020242)
Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga lagðar fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 11.apríl 2023 (2023010355)
Fundargerð stjórnar Kölku lögð fram til kynningar.
9. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 12. apríl 2023 (2023010343)
Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00